



302. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í gegnum Teams fjarfundabúnað, þriðjudaginn 23. febrúar 2021 kl. 12:00.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Sigríður Jónsdóttir 1. varaforseti, Hafsteinn Pálsson 2. varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Garðar Svansson, Ingi Þór Ágústsson, Knútur G. Hauksson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Lilja Sigurðardóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Viðar Garðarsson, Þórey Edda Elísdóttir, Þráinn Hafsteinsson, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri, Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.

Forföll: Ása Ólafsdóttir, Olga Bjarnadóttir og Dominique Alma Belányi.

Forseti setti fund og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Yfirlýsing um áherslur í íþróttastarfi barna á Íslandi

Forseti þakkaði fundarmönnum skjót viðbrögð við boðun þessa fundar, sem hefur einungis eitt mál á dagskrá, þ.e. umfjöllun um drög að yfirlýsingu ÍSÍ um áherslur í íþróttastarfi barna á Íslandi. Málið er til komið í kjölfar umræðna um heimildamyndina Hækkum rána á síðasta fundi framkvæmdastjórnar ÍSÍ.

Unnin voru drög að yfirlýsingu og þau send til stjórnar með tölvupósti í gær til skoðunar. Komið hafa fram ábendingar og athugasemdir sem tekið hefur verið tillit til í þeim drögum sem fram eru lögð hér á fundinum.

Nokkrar umræður urðu um áherslur og orðalag.

Samþykkt að senda yfirlýsinguna á fjölmiðla og sambandsaðila ÍSÍ, ásamt því að birta hana á heimasíðu og samfélagsmiðlum ÍSÍ.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari.